



Vín frá Suður-Afríku

Grænmetisréttir og borðvín

Áfengi og ofnæmisviðbrögð

Nýtt í vínbúðinni

Vöruskrá



E F N I S Y F I R L I T

FORMÁLI	3
Vínbúðir og gæðajónusta	
FRÉTTIR	6
Vínbúðirnar bæta stöðu sína skv. ánægjuvoginni	
Pokasjóður styrkir Hjálparsveitina í Hveragerði	
Sala áfengis og tóbaks 2005	
Endurnýjun vínbúða	
Fjörug sýning fyrir vínahugafólk	
GRÆNMETISRÉTTIR OG BORÐVÍN	7
Í samstarfi vínbúða og veitingahússins Á næstu grösum	
UPPSKRIFTIR - GRÆNMETISRÉTTIR	10
VÍN FRÁ SUÐUR-AFRÍKU	12
MOLAR ÚR ÝMSUM ÁTTUM	15
AAAATSJÚ – ÁFENGI OG OFNÆMISVIÐBRÖGÐ / DOKTOR.IS	16
PINOTAGE	18
NÝ MATARTÁKN	19
NÝJAR VÖRUR Í KRINGLUNNI OG HEIÐRÚNU	20
VÖRUSKRÁ	26
Rauðvín	26
Gjafavara	49
Lífrænt ræktuð vín	49
Hvitvín	50
Rósavín	62
Freyðivín	62
Líkjörvín: Madeira, Portvín	64
Sérrí, Ávaxtavín, Síder, Vínblöndur	65
Kryddvín, Bitter	66
Líkjör	66
Brandí	68
Ávaxtabrandí, Hratbrandí	69
Viskí	69
Romm	70
Tekíla	71
Vodka	71
Gin	71
Sénever, Akvavit, Anís, Snafs	72
Annað áfengi undir 15%, Gosblöndur	72
Annað sterkt áfengi, Skot, Sake	73
Bjór	74
Óáfengt	77
VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ	78
AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA	95

Vínblaðið, I.tbl. 4. árg. mars-máí 2006

Útgefandi: Áfengis- og tóbakverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal • Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir

Ritsjórn: Einar Snorri Einarsson, Gissur Kristinsson, Þórdís Yngvadóttir

Greinar eftir Christina Heina Liman, Pál Sigurðsson, Gissur Kristinsson, Jórunni Frímannsdóttir (www.doktor.is) • Uppskriftir: Veitingahúsið Á næstu grösum • Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon • Myndir: Andreas Bennwik, www.cephas.com, GS, Sigrún Kristjánsdóttir, Fotosearch.com, Vigfús Birgisson • Hönnun forsíðu: Margrét E. Laxness • Umbrot: Nansen ehf. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttið.



VÍNBÚÐIR OG GÆÐAÞJÓNUSTA

Stefna vínbúðanna er að gera viðskiptavini ánægðari og að þeim þyki gaman að versla í vínbúðunum. En hvað eru viðskiptavinirnir ánægðir með? Aðgengi að vöru og vínbúðum er ofarlega í huga flestra þegar að þessu er spurt. Við höfum því unnið hörðum höndum undanfarið við að breyta, laga og bæta aðgengi og umhverfi vínbúðanna. Vínbúðin í Mosfellsbæ var flutt í nýtt og stærra húsnæði síðastliðið haust og stuttu seinna var vínbúðinni á Reyðarfirði umblytt til að bæta aðgengi og þjónustu. Nú er verið að vinna að endurbótum í vínbúðinni á Dalvegi, sem hefur síðan hún opnaði fyrir tæpum níu árum verið ein stærsta vínbúð landsins. Til stendur á vormánuðum að flytja vínbúðina í Mjódd á nýjan stað yfir götuna í Garðheima. Auk þess að stækka við verslunarrýmið og gera það aðlaðandi í útliti, á aðgengi að vínbúðinni að batna til muna við flutninginn.

Efst í huga viðskiptavina er þó persónuleg þjónusta og viðmót starfsmanna. Starfsmenn vínbúðanna hafa í gegnum tíðina ávallt leitast við að veita persónulega og góða þjónustu og hafa þær einkunnir sem vínbúðirnar hafa fengið frá viðskiptavinum í könnunum endurspeglar þá staðreynd. Nú í mars ætlum við hins vegar að gera enn betur og munu vínbúðirnar taka upp sérstaka þjónustustefnu í þeim tilgangi. Það er von okkar, starfsmanna ÁTVR, að sú stefna muni bæta enn þá þjónustu sem þú viðskiptavinur góður, færð í vínbúðunum og hjálpi þér til að gera viðskiptin við okkur áfram ánægjuleg og ekki síður skemmtileg.

Lifum, lærum & njótum!

*Einar S. Einarsson,
framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs*




VÍNBÚÐIRNAR BÆTA STÖÐU SÍNA SAMKVÆMT ÁNÆGJUVOGINNI

Árið 2005 tóku vínbúðirnar þátt í íslensku ánægjuvoginni í þriðja sinn og var árangurinn mun betri en árin á undan. Vínbúðirnar hækka um 3 stig milli áranna 2005 og 2004 og eru nú í fyrsta skipti komin yfir meðaltal allra mældra fyrirtækja í ánægjuvoginni. Í undirliðum fá vínbúðirnar mjög góðar einkunnir í spurningum sem lúta að Áreiðanleika og nákvæmni í þjónustu; Heildargæðum vara; Heildargæðum þjónustu; Persónulegri þjónustu og rádgjöf og Úrvali gæðavara.

Einkunnir sem snúa að gæðum og þjónustu koma best út hjá vínbúðunum í könnuninni, en lakasta útkoman er í spurningum sem snúa að verðmætamati. Það er greinilegt að Íslendingum þykir áfengi dýrt og kemur það skýrt fram í ánægjuvoginni.

Góðu fréttirnar eru þær að ánægja viðskiptavina með vínbúðirnar er að aukast ár frá ári og er það í takt við þau markmið okkar að bæta sífellt þjónustuna og hafa þannig þarfir og væntingar viðskiptavina ávallt í fyrir-rúmi.

Ánægjuvogin er samstarfsverkefni nokkurra Evrópu-þjóða um mælingar á ánægju viðskiptavina helstu fyrir-



tækja í nokkrum atvinnugreinum; European Customer Satisfaction Index (ECSI). Sá hluti þess sem fjallar um íslensk fyrirtæki nefnist *Íslenska ánægjuvogin* og standa Stjórnvísí, Samtök iðnaðarins og IMG Gallup fyrir mælingunni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum og í sumum tilfellum neytendum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina.

POKASJÓÐUR STYRKIR HJÁLPARSVEITINA Í HVERAGERÐI



Talið frá vinstri: Höskuldur Jónsson, Bjarni Finnsson, Kristjana Sigurveig Sveinsdóttir og Ívar J. Arndal við afhendingu styrksins.

Ívar J. Arndal, forstjóri ÁTVR, og Bjarni Finnsson, formaður stjórnar Pokasjóðs, færðu Hjálparsveitinni í Hveragerði eina milljón krónur í styrk til kaupa á tækjum fyrir sveitina. Kristjana Sigurveig Sveinsdóttir, ritari sveitarinnar, tók við styrknum í Vínbúðinni í Hveragerði.

Við þetta tækifæri minnti Ívar J. Arndal á að þær verslanir sem ættu aðild að sjóðnum leggðu til hans sjókrónur af hverjum seldom poka. Ívar sagði einnig að ekki þyrfti að fara mörgum orðum um störf björgunarsveita í landinu svo kunnar væru þær af góðum verkum.

Styrkurinn er veittur að frumkvæði ÁTVR, en eins og kunnugt er varð Hjálparsveitin fyrir umtalsverðu tjóni í brunna á gamlársdag.

„Við gerum okkur grein fyrir því að Hjálparsveitin skiptir sköpum fyrir íbúa og atvinnulif í bænum“, sagði Ívar. Einnig notaði hann tækifærið og þakkaði íbúum bæjarins samstarfið á síðasta ári, en þá opnaði einmitt vínbúðin í Hveragerði við góðar viðtökur íbúa.

SALA ÁFENGIS OG TÓBAKS 2005

– Léttvín og bjór 93% af allri sölu í vínbúðum

Árið 2005 seldu vínbúðir áfengi fyrir 13,1 milljarð kr. og jókst sala áfengis í lítrum um 8,16% á milli áranna 2005 og 2004 sem er aukning um rúma 1,3 milljónir lítra (úr 15,9 milljón lítrum í 17,2 milljónir lítra). Til samanburðar var söluaukning í magni á milli áranna 2003 og 2002 um 4,1% og söluauking milli áranna 2004 og 2003 var 7,9%.

Ef sala léttvína (rauð-, hvít-, rósa- og freyðivína) er lögð saman við sölu bjórs sést að samanlagt eru þessir flokkar með rúm 93% af allri sölu vínbúðanna í lítrum talið. Greinilegt er því að áhugi landans á léttvín og bjór heldur áfram að aukast á kostnað sterkari vína.

Athygli vekur að sala á hvítvín heldur áfram að aukast meira en sala á rauðvín. Er þetta annað árið í röð sem aukning á sölu hvítvíns er mun meiri en aukning á sölu á rauðvín og hún er nú um helmingi meiri milli ára en hún var á árunum 2000-2002. Sala á öðrum bjór en lagerbjór jókst einnig töluvert, líklega vegna þess að úrvat á ýmsum björtegnum í vínbúðum hefur aukist.

Vínbúðirnar seldu tóbak fyrir 7,5 milljarða árið 2005 sem er 9,22% meira en á fyrra ári. Í magni jókst sala á neftóbaki um 9,22%, en samdráttur var í sölu annarra tegunda í tóbaki og minnkaði t.d. sala á reyktóbaki um 6,38% og sala vindlinga minnkaði um 0,72%.

	2005 (þús lítra)	2004 (þús lítra)	Breyting (%)
Rauðvín	1.774	1.628	9,0
Hvítvín	712	602	18,14
Rósavín	116	107	8,5
Freyðivín	115	107	8,3
Styrkt vín	61	65	-6,1
Ávaxtavín	69	61	13,6
Brandí	62	61	2,1
Ávaxtabrandí	0,2	1	-61,5
Viskí	90	92	-2,3
Romm	63	63	-0,6
Tequila	2	3	-15,6
Brennivín og vodka	283	285	-0,8
Gin og sénever	65	64	1,7
Snafs	34	33	2,6
Líkjör	96	99	-3,3
Bitter, kryddvín.	62	65	-3,7
Blandaðir drykkir	299	263	13,4
Lagerbjór	13.189	12.263	7,5
Annar bjór	151	78	116,6



ENDURNÝJUN VÍNBÚÐA

Vínbúðin í Mjódd verður flutt yfir í Garðheimá á vor-mánuðum. Nýja vínbúðin í Garðheimum verður með gott aðgengi af bílastæðum ásamt því að vera stærri og bjartari en vínbúðin sem nú er í Mjóddinni. Settar verða upp nýjar innréttningar ásamt ýmsum öðrum nýjungum. Meðal annars munu sérvalin og dýrarí léttvín skipa sérstakan sess í búðinni.

Vínbúðin á Dalveginum fær andlitslyfingu í febrúar. Verður Vínbúðin stækkuð töluvert frá því sem nú er og settar upp nýjar innréttningar og kassaborð. Ýmsar skemmtilegar nýjungar verða í búðinni og má þar nefna sérstakt kæliherbergi fyrir bjór og sérvulin léttvín fá sinn stað.

FJÖRUG SÝNING FYRIR VÍNÁHUGAFÓLK

Vínsýningin 2005 var haldin dagana 19. og 20. nóvember í Vetrargarðinum í Smáralind. Vínþjónasamtök Íslands og Vínþúðirnar stóðu saman að sýningunni.

Allir helstu víninnflytjendur landsins kynntu vín sín og gáfu gestum að smakka, en áhersla sýningarinnar var vín með hátíðarmatnum. Ekki voru þarna aðeins kynnt vín heldur ýmislegt sem tengist vínum, eins og matur og fylgihlutir. Gestum stóð til boða að smakka góðgæti með vínum, svo sem osta, súkkulaði, kaffi og kjöt. Glæsileg glös, tappatograr, karöflur og fleira var einnig kynnt fyrir vínahugafólk.

Ýmsar þrautir vöktu athygli gesta, þar sem þeir gátu spreytt sig á ólíkum sviðum tengdum vínheiminum. Eins og t.d. lyktarskyni, þekkingu á þrúgum, hitta korktappa í klakafötu og brjóta saman munnpurrkur. Þetta var einn vinsælasti liðurinn á sýningunni og má segja að næstum hver einasti gestur hafi reynt sig á a.m.k. einni þraut.

Vínþúðirnar voru með bás á sýningunni undir stjórn vínserfræðinganna Páls Sigurðssonar, Gissurs Kristinssonar,



Július Steinarsson, einn af vínráðgjöfum vínbúða kynnti fyrir áhugasömum gestum ílm og sérkenni flögurra vínbrúga.

Magnúsar Traustasonar og Júlíusar Steinarssonar. Vínsérfræðingarnir kynntu fyrir fólk í hinum ymsu lyktir sem samsvörðuðu ilmi úr fjórum völdum þrúgutegundum, en það voru Chardonnay, Riesling, Pinot Noir og Cabernet Sauvignon.

Á sunnudeginum var háð keppni milli vínkľubba, en spyrill var Logi Bergmann

Eiðsson. Þrír klúbbar kepptu í úrslitum og sigraði Eðalklúbburinn eftir harða kepnni. Valinn var bás sýningarinnar og hlaut Allied Domecq titilinn aftur nú í ár, en þeir voru líka með besta básinn í fyrra.

Gestir voru rúmlega þúsund talsins og voru þeir almennt mjög ánægðir með allt það sem í boði var.



Gestum bauðst að smakka á flestum þeim vínum sem voru á sýningunni. Ásamt því að fara á stutt námskeið og fyrirlestra.



Sigurvegarnir í keppni vínkľubba voru félagarnir í Eðalklúbbnum. Eins og sjá má voru þeir mjög einbeittir á svip þegar komið var út í „verklega“ hlutann.



GRÆNMETISRÉTTIR OG BORÐVÍN

Í SAMSTARFI VÍNBÚÐA OG Á NÆSTU GRÖSUM

Grænmetisréttir verða sífellt vinsælli og virðast æ fleiri snúa sér alfarið að grænmetisimatseld. Það á ekki síst við nú á fyrstu mánuðum ársins þegar stór hluti landsmanna beinir athyglinni að heilsunni og mittismálinu eftir dýrðleg veisluhöld um jól og áramót. Margir setja sér metnaðarfull markmið um reglulega líkamsrækt og heilsusamlegra mataræði. Líkamsræktarkort rjúka út nú sem aldrei fyrr og fólk flykkist á alls kyns námskeið til að koma línum í lag og því fylgir að grandskoða grænmetisborð matvöruverslana.

Við hjá smakkhópi vínbúðanna tókumst á hendur spennandi verkefni að þessu sinni þar sem við ákváðum að finna út hvort hægt væri að para saman grænmetisrétti með borðvínum. Við leituðum til veitingastaðarins

Á næstu grösum til þess að gera þessa tilraun okkar og reyndist það sjálfsagt mál. Úr varð stórglæsileg veisla og fróðlegar vangaveltur um grænmetisrétti og vín.

SÆTKARTÖFLU- OG GRÁDOSTAMAUK Á CROSTINI

Fyrsti réttur á borðið var *Crostini* (snittur) með mauki úr sætum kartöflum og gráðosti. Að finna rétta vínið með þessu sætkennda bragði var reyndar ekki léttasta verk-efni kvöldsins, en við komumst þó að þeirri niðurstöðu að nokkur vín áttu allvel við. Þar fór fremst í flokki vín úr sýrúrkri Pinot Blanc þrúgunni. Einnig átti þurrt rósavín nokkuð vel við, ásamt eilítið sætu Riesling hvítvíni. Við reyndum einnig rauðvín og þau sem höfðu til



Á næstu grösum brögðuðu vínsérfræðingarnir Páll Sigurðsson, Gissur Kristinsson, Magnús Traustason og Skúli Magnússon saman grænmetisrétti og borðvín.

að bera næga sýru (þar af leiðandi evrópsk vín), réðu nokkuð vel við réttinn. Það var hins vegar greinilegt að Nýja-Heims vín með mikinn ávoxt og lágt sýrustig áttu ekki möguleika.

FYLLT PAPRIKA

Næst á dagskrá var að finna út hvað hentaði best með ferskri papriku, sem fyllt var með ólívum, capers, feta osti og rauðlauk. Það varð snarlega ljóst að hér var á ferðinni réttur sem átti nokkuð vel við mörg þeirra vína sem prófuð voru. Pinot Blanc og Pinot Gris eru hvítvín sem eiga vel við slíkan mat. Rauðvín sem við reyndum var léttur Chateauneuf du Pape, sem gekk þokkalega með paprikunni. Rósavínið passaði sömuleiðis alveg prýðilega við þennan rétt.

EGGALDINRÚLLA

Diskar með fylltri eggaldinrúllu birtust fyrir framan okkur og fyllingin var kjúklingabaunamauk, með sætum kartöflum, kóriander og chilípiðar. Rétturinn var glæsilegur og skildi eftir nettan kryddkeim.

Eftir gaumgæfilega athugun á hvítum vínum kom í ljós að létt og sætt Riesling vínið átti mjög vel við þennan rétt, eikaður Chardonnay var ekki meira en svona í slarkfærri lagi og það sama mátti segja um Pinot Gris frá Alsace. En hin sýru- og steinefnaríka Pinot Blanc þrúga

passaði best að okkar mati. Önnur vín en hvítvín voru mjög ákjósanleg, t.d. kom í ljós að rósavínið passaði mjög vel með réttinum. Rauðvínin sem við smökkuðum voru Chateauneuf du Pape, sem var virkilega fint, Sangiovese vínið var einnig mjög gott og svo var Nero d'Avola frá Sikiley ekki galið með rúllunni.

KJÚKLINGABAUNIR M/ KARRÍ OG ANANAS

Kjúklingabaunir með karri og ananas í hnetusósú voru næstar á dagskrá. Jarðhnetusósur geta verið ákveðið vandamál að eiga við en niðurstöður okkar voru eftirfarandi: Bestu vínin með þessum rétti reydust vera Pinot Blanc og rósavínið. Ekki langt þar á eftir komu rauðu vínin úr Sangiovese og Nero d'Avola þrúgunum og svo Nýja-Heims Carmenére. Þegar hér var við sögu komið var það nokkuð ljóst að með sætkenndri hnetusósunni ganga vel hin sýruríku vín frá Evrópu og svo Nýja-Heims vín sem eru ávaxtarík og vel bragðfyllt.

VATNSMELÓNUSALAT

Því næst var ákaflega gott og ferskt vatnsmelónusalat lagt á borð. Þýskur Riesling spilaði glæsilega aríu með salatinu, fingert jafnvægi er milli sýru og sætleika í víninu, sem eru sömu einkenni og finna má í vatnsmelónunni sjálfri. Rósavínið og Pinot Blanc voru einnig ágæt með

salatinu og eikaður Chardonnay getur alveg átt við. Með vatnsmelónusalatinu urðu rauðu vínin algerlega stálkennd og þunn í bragði.

THAÍ KARRÍ

Næsti réttur var Seljurót með tælensku *karrii*, *gulrótum* og *blómkáli*. Hér var um að ræða svolítið aðrar nótur en við höfðum haft fram að þessu. Karrí er gríðarlega mikið notað í grænmetismatreiðslu og ánægjulegt var að uppgötva að mörg þessara vína sem við vorum með áttu mjög vel við kryddið. Fyrsta skal telja vel eikaða Chardonnay þrúguna sem hér var loksins að sýna sitt rétta andlit og sætt og ferskt bragð þýskrar Riesling þrúgunnar var ekki síðra. Rósavínið átti líka þokkalega vel við, ásamt hinum ávaxtaríku rauðu vínum frá Nýja-Heiminum.

TÓMATMAUK MEÐ KÚRBÍT

Heitkryddað tómatmauk á tómötum og kúrbít var réttur sem var sterkur í bragði og sýruríkur bæði vegna tómatmauksins og ferskra tómatanna. Hér voru því mestar líkur á því að einungis þau vín sem hafa til að bera náttúrulega sýru gætu borið sig með slíkum rétti. Það kom skemmtilega á óvart að vín sem við áttum von á að hæfðu ekki með þessum rétti gerðu það, en það voru hin ávaxtaríku og sýrulitlu Nýja-Heims rauðvín. Annars voru það grænmetisvænu vínin sem stóðu teinrétt með tómatréttinum, en það voru Pinot Blanc vínið og rósavínið. Einnig var Pinot Gris upplagt með réttinum og ekki má gleyma sætu Riesling.

SALAT MED BALSAMIC EDIKI

Þá var komið að klassískasta rétti kvöld eins sem var ferskt blaðsalat með óli og balsamic ediki. Strax var greinilegt að hin sýruríkari hvítu vín gengu best upp með réttinum, eins og Pinot Blanc vínið, Pinot Gris og Riesling. Við vorum einnig mjög ánægðir með tvö ítolsk rauðvín sem virtust standa vel með balsamic edikinu, en það voru Sangiovese og Nero d'Avola vínin. Önnur rauðvín og rósavínið áttu erfitt uppdráttar með þessu sígilda salati.

BRAUÐ MEÐ HUMMUS OG GARAM MASALA GRÁFÍKJU-CHUTNEY

Í lokin var borið fram aldeilis frábært heilheitibrauð með sólblómafræjum. Með því var feiknagott hummus og *Garam Masala Gráfíkjú-Chutney*. Þetta er flókin samsetning á bragðtegundum, þ.e. brauðið, hvítlaukskryddað hummus og svo sætur og kryddaður tónn í chutneyinu.



Það voru nokkur vín að bera sig ákaflega vel með þessu og þá aðallega hin léttseða Riesling þrúga frá Þýskalandi og Pinot Gris þrúgan. Af öðrum vínum voru það helst Chateauneuf du Pape og rósavínið.

Það kom að því að síðasta munnbitanum hafði verið kyngt og síðasti dropinn runnið ljúflega ofan í maga. Þetta hafði verið aldeilis góð keyrsla á margskonar vínum með úrvals grænmetisréttum. Ef hægt er að draga ályktun út frá þessari tilraun um hvaða vín henti best með grænmetisréttum þá er nokkuð ljóst að vínin frá Evrópu virðast eiga best við. Hærra sýrustig þessara vína gerir þau að ákjósanlegum félögum grænmetisréttu. Niðurstaðan var því sú að vandaðri vín Evrópu, sérstaklega þau í efri gæðaflokkum, henta best með margbrotnum og flóknum grænmetisréttum.

Að lokum langar okkur til þess að þakka veitingahúsini Á næstu grösum fyrir samstarfið og frábæran viðurgjörning í þessu grænmetissmakki okkar. Kærar kveðjur til ykkar, Dóra og Sæmundur, og miklar góðar þakkir fyrir þetta skemmtilega samstarf.

Gissur Kristinsson
vínserfræðingur ÁTVR

GRÆNMETISRÉTTIR

UPPSKRIFTIR

Í BOÐI VEITINGAHÚSSINS Á NÆSTU GRÖSUM
Matarmyndir: Sigrún Kristjánsdóttir

SÆTKARTÖFLU- OG GRÁÐOSTAMAUK Á CROSTINI

I baquett brauð
Smá ólifuðla
I sæt kartafla
100 g gráðostur
1 msk hlynsíróp
Salt og pipar
20 stk cashew hnetur
2 msk hlynsíróp

Skerið brauðið í 1 cm þykkar sneiðar og steikið uppúr ólifuðluunni á pönnu og stráið yfir smá salti og pipar. Skrælið kartöfluna og skerið í bita, bakið við 180°C í um 25 mín eða þar til að kartaflan er meyr. Maukið saman í matvinnsluvél kartöflunar, gráðostinn og hlynsírópið og smakkið til með salti og pipar. Sprautið snyrtilega ofan á brauðsneiðarnar. Ristið cashew hnetur á pönnu og þegar þær eru að fara að brúnast hellið hlynsírópinu út á, látið þetta veltast saman í hálfa mínuðu. Raðið 1-2 hnetum ofaná hverja snittu.



Vín með: Pinot Blanc, rósavín, Riesling

EGGALDIN RÚLLA



2 eggaldin
Svartur pipar og salt
Tímjan
Matarolía
2 dl soðnar kjúklingabaunir
200 g sæt kartafla
1/2 búnt kóríander
30 g engifer, fint saxað
1 tsk hvítlaukur, maukaður
Salt og smá cayenne pipar

Eggaldin er skorið í þunnar sneiðar, velt uppúr olíu, salti, pipar og tímjani og bakað við 200°C í um 10 mín. Skrælið sætu kartöfluna og skerið í kubba og annað hvort bakið eða sjóðið þar til hún er orðin meyr. Blandið þá baununum, kartöflunni, kóríanderinu, engiferinu og hvítlauknum saman í matvinnsluvél og maukið. Smakkið til með salti og cayennepipar. Leggið eggaldinsneiðarnar á borð eða bretti og setjið 2 msk á hverja sneið og rúllið upp, raðið á bökunarplötu með smjörpappír undir og bakið í 10 mín við 150°C. Gott með frísku melónusalati og brauði.

Vín með: Pinot Blanc, rósavín, Riesling,
Chateauneuf du Pape, Sangiovese, Nero
d'Avola

THAI KARRÍ

2 eggaldin
Svartur pipar og salt
1 laukur, sneiddur
2 msk kóríander fræ, ristuð og möluð
1/2 msk cummin fræ, ristuð og möluð
2 msk turmeric (kúrkuma)
1 tsk svartur pipar
1 dós kókosmjólk (400 ml)
200 g tómatpúrre
2 stk lemmongras, marið lítilega
eða skorið niður í stillkinn
50 g engifer, finsaxað
4 hvítlaiksgeirar, finsaxaðir
1 lime, rifinn börkur og safi
1-2 chilli, finsaxað
300 g gulrætur, skornar í sneiðar
300 g seljurót, skræld og skorin í þunnar sneiðar.
1 blómkálshaus (meðal stór),
skorinn í snyrtilega bita.
1/2 búnt kóríander, fíntsaxað

Svitið laukinn á pönnu í lítilli olíu, bætið ristuðu og möluðu fræjunum úti ásamt turmerik og svörtum pipar. Setjið úti kókosmjólkina ásamt tómatpúrre, lemmongras, engifer, hvítlauk, lime (byrjið á rífa börkinn með rifjární og kreistið safann úr). Setjið finsaxað chilli úti, (varið ykkur á styrkleikanum, betra að byrja á því að setja minna og auka frekar við ef hann reynist mildur). Setjið smá vatn, seljurót og gulrætur úti. Látið malla þar til að grænmetið er orðið mjúkt. Bætið þá blómkáli og fersku kóríander úti og látið malla í 5 mín í viðbót. Mjög gott að bera fram með hýðishrísgrjónum og einföldu salati.

Vín með: Eikað Chardonnay, Riesling, rósavín og rauðvín frá Nýja-Heiminum.



MELÓNUSALAT

1/2 vatnsmelóna, skorin í bita og steinahreinsuð ef þarf
1 poki klettasalat
2 tsk grænn pipar, heill
50 g graskersfræ, ristuð
2 msk ólifuolía
4 vorlaukar, sneiddir fint
1/2 agúrka, skorin í teninga
2 lime, bara safinn
Salt

Öllu blandað saman, ekki gott að láta standa of lengi því þá lekur mikið af safanum úr melónunni.

Vín með: Pinot Blanc, rósavín, Riesling, Chardonnay

KJÚKLINGABAUNIR MEÐ ANANAS OG JARÐHNETUM

250 g kjúkliningabaunir
1 laukur, skorinn í sneiðar
1/2 tsk tímjan, eða nokkrir ferskir kvistir
1/2 tsk turmerick.
2 hvítlaksrif, söxuð eða marin
1 chilli
2 cm engifer, rifið
2 dl ananassafi, hreinn
200 ml kókosmjólk
50 g hnetusmjör
1 paprika, skorin í strimla
1/2 ananas, skorinn í bita
Salt og pipar

Sjóðið baunirnar. Svitið lauk í potti ásamt tímjan, hvítlauk, chilli og engifer. Þegar laukurinn er orðinn glær er ananassafanum bætt úti og hann soðinni niður til helminga, þá er kókosmjólk og hnetusmjöri hrært út í. Ananas og papriku er bætt út í sósuna og smá vatni ef þurfa þykir. Baunum hellt út í, soðið upp og smakkað til með salti og pipar. Skreytt með t.d. steinselju.

Vín með: Pinot Blanc, rósavín, Nero d'Avola, Sangiovese, Carmenére





VÍN FRÁ SUÐUR-AFRÍKU

PÁLL SIGURÐSSON VÍNRÁÐGJAFI

© CEPHAS.com/Julian Espi

Það hefur varla farið framhjá mörgu vínhugafólkí hvernig úrval suður-afrískra vína hefur gjörbreyst til hins betra í vínbúðunum á undanförnum árum. Þróunin hefur verið sú sama í öðrum heimshornum og gróska í víngerð í Suður-Afríku hefur sömuleiðis farið örт vaxandi. Ein ástæðan er sú að Afríkumönnum hefur fleygt fram í víngerð á síðastliðnum árum, en önnur ástæða og jafnvel enn veigameiri er að markaðir á Vesturlöndum hafa tekið við sér. Eins og kunnugt er beittu Vesturlönd viðskiptabanni á Suður-Afríku vegna aðskilnaðarstefnunnar, en hún var afumin fyrir 13 árum og upp frá því hafa neytendur um allan heim áttað sig æ betur á þessum auð drekkanelegu og þægilegu vínum. Afríkumenn hafa auk þess notað tímann vel frá því að nýr markaðir opnuðust og brugðist við örт vaxandi eftirsprung. Suður-Afríkubúar er þó engir byrjendur í vínrækt og hefur vínrækt verið stunduð þar í aldir. Lega landsins og veðurfar skapa kjöraðstæður til vínræktar.

Helstu vínræktarsvæðin eru á svæðum nálægt Höfðaborg og eru yfirleitt í innan við 50 kílómetra fjarlægð frá strandlengjunni sem liggar meðfram Atlantshafi í vestri og Indlandshafi í austri. Vindar frá hafi, bæði úr suðri og vestri blása svölum andvara yfir víngarðana og er loftslagið því ekki eins heitt og ætla mætti miðað við legu landsins. Innar í landinu er heitara, en skýjaþykni sem myndast þar svo til daglega halda hitastiginnu innan eðlilegra marka fyrir vínræktina.

UPPHAFIÐ

Upphof vínræktar í Suður-Afríku má rekja til þess er hollenska Austur-Indíafelagið setti upp birgðastöð við Góðravonarhöfða fyrir kaupskipaflota sinn árið 1652. Tilgangurinn var að sjá hollenska flotanum fyrir ferskum matvælum á hinni löngu leið til Indlands og nærliggjandi landa (þetta var vitaskuld löngu fyrir tíð Súez-skurðarins og siglingaleiðin til Indlands lá suður fyrir Afríku og um Indlandshaf). Þar sem skilyrði fyrir vínrækt virtist góð lét landstjórin, Jan van Riebeeck, fyrrum skipslæknir, senda sér vínið frá Evrópu, en vín var meðal annars álitid gott við skyrbjúg. Vín var í fyrsta skipti pressað í febrúar 1659 og lofaði útkoman það góðu að upp frá þessu var víniður gróðursettur þarna í stórum stíl. Van Riebeeck hvatti bændur ákaft til að rækta vínið, en í upphafi höfðu þeir líttinn áhuga á því.

Í fyrstu bar framleiðslan ekki vott um mikla þekkingu né reynslu og mátti þar margt bæta. Á þessu varð breyting þegar Simon van der Stel kom til sögunnar og tók við sem landstjóri. Hann var mikill ákafamaður og hafði til að bera góða þekkingu á vínrækt og víngerð. Stuttu eftir komu hans til Suður-Afríku, setti hann hörð viðurlög á vínbændur ef þeir uppskáru áður en þrúgurnar höfðu náð fullum þroska eða létu vínið gerjast í óhreinum tunnum og kjöllurum.

Þó reglur Austur-Indíafélagsins hafi bannað starfsmönum sínum að stunda viðskipti eða aðra starfsemi í eigin nafni, tókst van der Stel að fram undantekningu á þessu fyrir sjálfan sig. Árið 1685 setti hann á laggirnar víngarð suð-austur af Höfðaborg, sem hann kallaði *Constantia*. Undir styrkri stjórn hans voru víngarðarnir að stórum hluta til plantaðir með Muscat de Frontignan þrúgunni. Hann náði það góðum árangri með vínum sínum að þau skipuðu sama sess í vínumræðu þessa tíma og hin mestu gæðavín Evrópu.

Hollendingar höfðu litla sem enga reynslu í víngerð og það var ekki fyrr en með komu franskra Húgenotta, sem tóku sér bólfestu á svæði sem nú ber nafnið Franschhoek Valley, að vínrækt átti eftir komast á legg. Margir þessara innflyttjenda höfðu bæði þekkingu og reynslu í vínrækt og stofnuðu þeir víngarða sem gátu af sér góðan orðstír. Afkomendur þeirra gegna enn þann dag í dag mikilvægu hlutverki í suður-afrískri víngerð.

Aðskilnaðarstefnan (frá 1950-1993) hafði í för með sér að erfitt var að flytja út suður-afrísk vín. Innlend neysla á borðvíni var lítil og því ekki mikil eftirsprung eftir gæðavíni. Þó var nokkur heimamarkaður fyrir brandí.

Eftir að aðskilnaðarstefnan var afnumin hafa vín frá Suður-Afríku borist í auknum mæli til Vesturlanda. Eins og víðast hvar annars staðar hafa vín þaðan einnig náð miklum vinsældum hér. Vínin eru yfirleitt góð og neytendavæn á skikkanlegu verði. Í Suður-Afríku eru einnig framleidd gæðavín á heimsmælikvarða.



© CEPHAS.com/Peter Timmus

Gæsaþópur í meindýraleit. Gæsirnar kjaga um víngarðanna í Stellenbosch héraði og éta snigla sem herja á plönturnar.

VÍNRÆKTARSVÆÐI

Constantia er elsta vínræktarsvæðið og var upphaflega einn búgarður en var svo hlutað niður í fimm smærri víngarða. Svæðið nýtur góðs af Atlantshafinu, en vindar frá False Bay hafa kælandi áhrif á víngarðana og er meðalhiti um 19°C á sumrin. Á veturnar rignir þó nokkuð sem gerir vökvun óparfa, einkum þar sem rauður leirkennur jarðvegurinn dregur vatnið í sig. Helstu hvítu þrúgutegundirnar eru Chardonnay og Sauvignon Blanc. Vín úr Chardonnay eru bæði framleidd óeikuð, gerjuð í stáltönkum eða gerjuð í eikartunnum. Sauvignon Blanc gefur svo af sér fersk vín með keim af sólberjalaufi og greipaldin. Stundum vilja víngerðarmennir draga fram grösuga tóna eins og af aspas og baunum. Rauðvín eru svo gerð úr Cabernet Sauvignon, Merlot og Shiraz.



Haustlitir á ónefndum vínakri í Paarl héraði. Stundum rignir ekki nóg þannig að vínbændur hafa komið upp fullkomnu vökvunar kerfi sem vökkar rétt málulega mikið.

Mynd á móti (bls. 12):
Upptakerumaður að störfum í Stellenbosch, Suður-Afríku.
Heiderbergfjöllin í baksýn.

© CEPHAS.com/Emma Borg



© CEPHAS.com/Alain Proust

Landslagið í Paarl er stórbrotið með svípmikil fjöll og indæla dali.

Stellenbosch er aðeins 40 km frá Höfðaborg og er þekktasta vínræktarsvæði Suður-Afríku. Þar er fræðslu- og rannsóknarmiðstöð víniðnaðarins og flestir víngerðar-menn og vínræktendur Suður-Afríku fá þar þjálfun. Það var einmitt við háskólan í Stellenbosch, sem professor Abraham Perold gerði Pinotage þrúguna (1925), en hún er kynblönduð úr Pinot Noir og Cinsault þrúgunum.

Fjöllótt landslagið með fjölbreyttum jarðvegi og loftslagi gerir svæðið eftirsóknarvert fyrir vínrækt. Þarna eru framleidd margskonar vín eins og t.d. Cap Classique, suður-afrískt freyðivín, sæt Riesling og styrkt vín. Þaðan koma einnig góð vín úr Sauvignon Blanc og eikargerjuð Chardonnay. Rauðvín eru gerð úr alþjóðlegum þrúgum eins og Cabernet Sauvignon og Merlot. Shiraz þrúgan nýtur vaxandi vinsælda og ekki má gleyma Pinotage. Sennilega eru gerð bestu Pinotage-vínin í Stellenbosch.

Paarl þýðir perla, og dregur nafn sitt af samnefndu fjalli, sem glitrar eins og perla þegar sólin skín á það eftir rigningu. Héðan kemur um það bil fimmtungur af vín Suður-Afríku. Upphaflega voru víngarðarnir nær eingöngu notaðir til framleiðslu á hvítu þrúgum: Chenin Blanc, Colombard og Palomino. Styrkt vín í sérrí og portvínsstíl voru meginframleiðslan. Í dag eru framleiðendur farnir að snúa sér meira að vínum úr rauðum þrúgum eins og Cabernet Sauvignon, Merlot, Pinotage og Shiraz.

Í Paarl er loftslagið líkt því sem gerist í löndunum við Miðjarðarhaf. Meðalhitastig yfir ræktunartímann er 22,5°C sem er hærra en í Stellenbosch. Það rignir ekki alltaf nóg svo stundum þarf að vökva og er þá beitt nýjustu tækni, sem gefur víniðnum aðeins nægilegan vökva hverju sinni. Vínin frá Paarl einkennast af háu alkóhólinnihaldi og þéttum ávexti.

Suður-Afríka framleiðir um 3% af vínframleiðslu heims-ins og er níunda í röðinni hvað magn snertir. Þó svo að upphaflega hafi megináherslan verið lögð á hvítar þrúgur, þá hefur orðið mikil aukning á ræktun á alþjóðlegum rauðum þrúgum.

Framleiðsla á hágæðavínum hefur aukist mikið á síðast liðnum árum. Eins og hjá öðrum vínframleiðslulöndum, þá voru það ódýru og auðrekkanlegu vínin sem komu suður-afrískum borðvínum á markaðinn. En nú eru margir vínframleiðendur farnir að leggja enn meiri metnað í framleiðslu sína og framleiða kröftugri vín sem standa jafnfætis vínum frá t.d. Chile og Ástralíu og allt er þetta árangur mikilla rannsókna og þrotlausrar endurbótavinnu.

Páll Sigurðsson
Vínráðgjafi



© CEPHAS.com/Graeme Robinson

MOLAR

Ú R Y M S U M Á T T U M

Íslenskt brennivín á þorranum

Sala á íslensku brennivíni árið 2005 var um 5.300 lítrar. Á þorranum í janúar og febrúar seldust um 21% af árssölunni og að jafnaði má segja að sala brennívís á þorranum sé um tvöfalt meiri en í meðalmánuði.

Sjö milljónir fyrir hvítvínslösku

Nýlega seldist dýrasta hvítvínslaska í heimi á 100.000 bandaríkjadalí en það var tegundin Chateau Yquem 1787. Á sama tíma og þrúgur þessa víns voru skornar af vínviðnum ríkti George Washington sem fyrsti forseti Bandaríkjanna, franska stjórnarbyltingin var í algleymi og fyrsta gufuvélin var á teikniborði James Watt.



Bjór í matargerð

Það er ekki aðeins tilvalið að bæta smádreitli af víni í matinn. Bjór getur lagt til mikinn bragðauka í alls kyns sósur, súpur og pottrétti. Sumir réttir eiga beinlínis vera soðnir upp úr bjór. Best er að nota frekar milda bjóra og forðast of mikinn beiskleika. Einnig er upplagt að marinera fisk eða kjöt í bjór ásamt olíu og hinum ýmsu kryddum og þá er gott að nota bragðgóðan bjór sem hefur að bera mikla fyllingu. Við suðu gufar alkóhólið upp.

Vín fyrst gert á Kýpur

Fornleifafræðingar hafa fundið vísbindingar um forna víngerð nálægt borginni Limasol á Kýpur. Að öllum líkendum eru ummerkin um 6000 ára gömul og ef satt reynist þá má álykta að Kýpurmenn hafi fyrstir manna gert vín úr vínberjum af þjóðunum sem búa við Miðjarðarhafið. Hingað til hefur verið talið að víngerð við Miðjarðarhafið hafi byrjað í Tyrklandi eða í Sýrlandi. Í Kína hafa menn bruggað hrísgjónavín í 9000 ár.

Endurvinnslan.is

Endurvinnslan og Sorpa borga 9 krónur fyrir allar einnota drykkjarumbúðir. Það á jafnt við um allar vínflöskur og bjórflöskur sem gosflöskur og dósir. Möttökustaðir eru víða og hægt er að leita nánari upplýsinga um staðsetningu þeirra úti um allt land á heimasíðu Endurvinnslunnar: www.endurvinnslan.is.

AAAATSJÚÚÚ!

ÁFENGI OG OFNÆMISVIÐBRÖGÐ

Margir kannast við það að roðna óhóflega eftir eitt vínglas, hnerra, klæja í augu eða fá nefrennsli.

Þessum einkennum svipar mjög til þess sem gerist við fæðuofnæmi. Þegar einstaklingur borðar mat sem hann hefur ofnæmi fyrir ónæmiskerfi hans að framleiða mótefni og þar á meðal er efni sem kallast histamín. Þau einkenni sem koma fram við losun histamíns eru kláði, þrogt í slímhúð og aukin framleiðsla á slími, vöðvakrampar, roðaflekkir á húð og útbrot ásamt fleiri einkennum. Svona viðbrögð við neyslu áfengis þarf þó alls ekki að þýða að þú hafir ofnæmi fyrir áfengi, því þekkt er að áfengi innihaldi histamín. Neysla á ákveðnum tegundum áfengis getur því valdið einkennum sem eru sambærileg þeim sem koma fram við fæðuofnæmi, án þess þó að um eiginlegt fæðuofnæmi sé að ræða.

Það er þó ekki svo að ekki sé til ofnæmi eða óþol fyrir áfengi. Í áfengi eru flókin efnasambönd og alls ekki vitað hvað er í sumum vínum en ekki öðrum sem veldur t.d. mígreni. Það er heldur ekki vitað af hverju einstaklingar þola sum vín en önnur alls ekki. Tvö efni hafa þó verið rannsökuð tölувert með tilliti til áhrifa á ofnæmi og ofnæmisviðbrögð, en það er rotvarnarefnið súlfít, sem er nánast í öllu áfengi og histamín, sem er oft að finna í léttvíní.

Histamín ýtir undir ofnæmiseinkenni

Histamín getur valdið almennum ofnæmiseinkennum eins og nefrennsli, kláða í augum, roða á húð og fleiri einkennum. Histamín í áfengi hefur einnig þau áhrif að ýta undir öll ofnæmiseinkenni og -viðbrögð. Til að mynda ef einstaklingur er með ofnæmi fyrir ryki, en finnur ekki fyrir því dagsdaglega. Við neyslu áfengis gætu ofnæmisviðbrögðin komið fram, en ofnæmisvaldurinn væri engu að síður rykið en ekki áfengið.



© foosearch.com

Sumir kannast við það að verða rauðflekkóttir í framan, glaseygðir og með nefrennsli eftir eitt vínglas.

Histamín er að finna í ýmsum matvörum s.s. spægipylsum, makríl, sardínum og ekki síst í sterkum ostum og léttvíní.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á vínum og histamínnum og reynt að ákvarða histamínmagn mismunandi vína. Það hefur hins vegar ekki tekist og virðist engin leið að segja með áreiðanlegum hætti um magn histamína í vínum. Ekki einasta er mismunandi frá náttúrunnar hendi hversu mikið histamín er í framleiðslu víns, heldur hefur það einnig sýnt sig að histamín í sömu framleiðslulotu getur verið mismikið frá flösku til flösku.

Einstaklingar sem eru viðkvæmir fyrir histamíni í vínum, ættu að láta rauðvín vera og sleppa því alveg að drekka það. Auk þess ættu þeir að varast freyðivín sem innihalda tyramín í miklu magni. Tyramín er afar skylt histamíni og getur gefið svipuð eða sömu einkenni.

5% astmasjúklinga þola illa súlfít

Súlfít getur ýtt undir astmaeinkenni hjá þeim sem hafa astma af ýmsum öðrum ástæðum (á við um 5% þeirra sem hafa astma). Það getur verið dýrt að vera með astma og vera einn af þeim sem þola illa súlfít, en finnast vín gott.

Súlfít er í öllu léttvíni, bæði rauðu og hvítu til að byrja með, en magnið minnkar eftir því sem vínið eldist. Astmasjúklingar ættu því að kaupa gamalt og gott vín. Ofnæmisseurfræðingurinn Ole Zetterström á ofnæmismiðstöðinni í Linköping í Svíþjóð ráðleggur öllum astmasjúklingum að kaupa dýr og gömul léttvín og telur að til að vera viss þurfi þau að kosta 500 krónur særskar eða meira (500 SEK eru um 4.000 ISK.). Það er ekki á allra færi að borga allt að 1.000 krónur fyrir glas af léttvín og er ansi dýrt að vera vínahugamaður með astma samkvæmt þessu.

Ofnæmisviðbrögð astmasjúklinga við súlfít í vínum geta verið kröftug, en ekki er vitað til þess að neinn hafi dáið af þeim sökum. Ofnæmissjúklingar verða einfaldlega að spá verulega í það hvað þeir drekka og finna út hvað þeir þola.

Það er útbreiddur misskilningur að súlfít sé einungis í hvítvín, ekki í rauðvín, en það er ekki rétt. Reyndar er súlfít yfirleitt í minna magni í rauðvín. En það eru fyrst og fremst astmasjúklingar sem fá ofnæmiseinkenni vegna súlfít, þar sem viðbrögðin eru þess eðlis að loftvegurinn dregst saman.

Einstaklingar sem hafa fundið fyrir ofnæmiseinkennum við áfengisneyslu þurfa að velta því fyrir sér hvað þeir þola og hvaða vín hentar þeim. Astmasjúklingar þurfa að fara sérstaklega varlega og finna út hvort þeir tilheyra þessum fimm prósentum sem ekki þola súlfít.

Vægari ofnæmiseinkenni eins og roða, nefrennsli eða kláða í augum má koma í veg fyrir með því að taka ofnæmistöflu áður en áfengis er neytt. Vægar ofnæmistöflur má fá í apóteki án lyfseðils og virka þær yfirleitt vel.



Höfundur greinarinnar:
Jórunn Frímannsdóttir,
hjúkrunarfræðingur og
ritstjóri www.doktor.is



R O Ð I

Það eru margir sem roðna og hitna í andliti þegar þeir drekka áfengi. Þau einkenni þurfa ekki að eiga neitt skyld við ofnæmisviðbrögð. Ástæðan er oftast sú að háraðarnar víkka út vegna aukins rúmmáls. Sé roðinn ekki af völdum ofnæmis jafnar hann sig fljótt og einstaklingurinn fær aftur eðlilegan litarhátt í andlitið. Sambærileg einkenni þekkjum við t.d. eftir að hafa verið úti í kulda og koma svo inn í hitann og finna hvernig við hitnum í framan og verðum eldrauð. Roðinn og hitinn í andlitinu getur átt sér margar orsakir, ein þeirra er t.d. að það slaknar á spennu vegna áhrifanna frá áfenginu. Það er líka þekkt hjá einstaklingum með rós-roða að roðinn í andliti þeirra eykst við neyslu áfengis. En það er erfitt að segja nákvæmlega til um hvers vegna þetta gerist og á sama hátt er engin leið að segja til um af hverju sumir einstaklingar roðna þegar þeir þurfa að tala í fjölmenni svo dæmi sé tekið.

Hingað er komin þrúga sem er ræktuð í fjarlægu landi, Suður-Afríku. Hann er hundleiður á því að vera sífellt ruglað við þekkta franska mömmu sína.

PINOTAGE


TÖFFARI SEM ERFITT ER AÐ ALA UPP

Texti: Christina Heinä Liman. Myndskreyting: Andreas Bennwik

Lauslega þýtt: Páll Sigurðsson

Áður birt í Bolaget, janúar 2003, fréttariti Systembolaget.

Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð



Bleeessaður, þú ert langt að kominn gestur! Segðu okkur örlítið um sjálfan þig.

– Já, Ég er næstum 80 ára gamall. Fæddist í Stellenbosch í Suður-Afríku. Gamla settið er frá Frakklandi, mamma, heitir Pinot Noir og pabbi Cinsaut.

Margir víneytendur taka feil á þér og mömmu þinni. Sennilega vegna nafnsins.

– Jújú, ég veit allt um það! Og þeir verða alltaf fyrir vonbrigðum, því ég er hvorki glæsilegur, né með yndislegan tælandi ávöxt. Þeir segja að ég sé klunnalegur, stamur og brenndur. En það er jú vegna þess að þeir vænta bragðsins af mömmu.

Þú hefur engin aukanöfn, eins og flestar þrúgur, eða hvað?

– Nei. En það er nú vegna þess að ég er lítt sjáanlegur í öðrum löndum. Þar af leiðandi þarf ég ekki fleiri nöfn á öðrum tungumálum.

Hm, einmitt. Þar að auki ert þú víst ekki mjög vinsæll heima hjá þér. Það heyrst sagt að hluti víngerðarmanna í Suður-Afríku eigi erfitt með að þola þig.

– Hluti?! Þeir verða sífellt fleiri og fleiri. Nei, þeir vilja hafa smjaður og sleikulegar þrúgur sem skríða fyrir þeim. Eins og þær sem fá alltaf hæstu einkunnirnar. Til dæmis Cabernet Sauvignon, hann trúð sér fram fyrir mig fyrir áratugum síðan. Ég hata hann!

Svona, svona. Þó nokkrir vínræktendur hafa mætur að þér og láta þig vaxa á gömlum vínið. Síðan færð þú að gerjast við góðan hita og huggulegheit áður en þeir láta þig liggja um tíma á eikartunnum. Og þá verður þú virkilega góður.

– Þetta segir þú bara til að kæta mig. Eða ertu bara að smjaðra fyrir mér?!

Sjáðu til, ef þú værir ekki svona erfiður viðureignar, þá myndu kannski fleiri vínræktendur og víngerðarmenn kunna að meta þig. Hefur þú eitthvað þælt i því?

– Oh. Nú lætur þú alveg eins og jurtaskólasálfaræðingurinn. Það eru þvert á móti þeir sem vinna með mig, sem eiga að vera þolinmóðir og skilningsríkir!

Pinotage í stuttu máli

Litur: Oft nokkuð ljósrauður en getur verið mjög dökkur.

Ilmur: Við litla uppskeru og góða víngerð fá vínin oft ilm af bæði plómum og brómberjum, ásamt því að hafa stundum reyk eða gúmmítóna. Sé uppskerunni ekki haldið í skefjum og ekki vandað nægilega til víngerðarinnar, fá vínin oft banana- eða asetonilm.

Bragð: Sama og í ilmi, fer þó eftir gæðum. Komi þrúgurnar af gömlum vínið, látnar gerjast við hátt hitastig og komast í snertingu við eik, verður vínin kröftugt, ávaxtaríkt og ristað. En vín gerð úr þrúgum af ungum vínið geta verið stöm, gráf og ekki sérlega ávaxtarík.

Vex: Aðallega í grennd við Höfðaborg í Suður-Afríku. Litið eitt er ræktað af þrúgunni í Kaliforníu, Þýskalandi, Zimbabwe og Nýja Sjálandi.

Gott með: Bragðomklum kjötréttum með berjasultu. Í Suður-Afríku er gjarnan borðað þurrkað og saltað kjöt „biltong“ með víninu.



NÝ MATARTÁKN

M E R K I N G A R M E D V Í N L Ý S I N G U M

Við kynnum með ánægju ný matartákn sem hafa verið þróuð sérstaklega fyrir vínbúðirnar. Táknin gefa til kynna hvers konar vín er um að ræða og við hvaða matarflokka hver víntegund á sérstaklega vel við samkvæmt mati vínsérfræðinga vínbúðanna. Það er von okkar að merkingarnar auðveldi viðskiptavinum okkar að finna rétta vínið með matnum hverju sinni.

	Fordrykkir/smáréttir		Grillað kjöt
	Smáréttir		Austurlenskur matur
	Sólpallavín		Sterkur matur
	Ostar		Pasta/pítsur
	Skelfiskur		Reykt kjöt
	Fiskur		Pottréttir
	Ljóst kjöt/kjúklingur		Ábætisréttir
	Ljóst kjöt/svínakjöt		Kokteilar
	Nautakjöt		Drekkið strax
	Lambakjöt		Tilbúið til að drekka
	Léttari villibráð		Tilbúið til að drekka, má geyma
	Kröftugri villibráð		Batnar við geymslu
	Grænmetisréttir		

NÝJAR VÖRUR Í REYNSLU

Hér eru kynntar nokkrar af þeim nýju vörum sem komu í vínbúðirnar Heiðrúnu og Kringluna í desember, janúar og febrúar. Þær fást aðeins í vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni. Þær eru einnig hægt að þanta. Verð eru leiðbeinandi og gilda í mars 2006. Birt með fyrirvara um þrentvillur.



Amelie Latourelle Merlot



Vnr: 10066 750 ml 13%

Einkenni: Dökkkirsuberjarautt. Frekar létt fylling, þurr, ferskt, þurrkandi tannín með berja- og kryddkeim.

Uppruni: 2004, Frakkland, Oc

Framleiðandi: FDL

Leiðbeinandi verð: 1.020 kr.



Anakena Carmenere Single Vineyard



Vnr: 10091 750 ml 14%

Einkenni: Dökkrúbínrautt. Góð fylling, þurr, með sætuvotti, ferskt, mjúk tannín með þéttan kryddaðan ávoxt og eukalyptuskeim.

Uppruni: 2003, Chile, Rapel Valley

Framleiðandi: A.F. Arco Iris S.A.

Leiðbeinandi verð: 1.570 kr.



Bellingham Pinotage



Vnr: 08943 750 ml 14%

Einkenni: Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurr og ferskt með miðlungs tannín. Finleg eik, með vanillu-, jarðar- og kaffitónum.


Uppruni: 2003, S-Afrika, Costal Region

Framleiðandi: Bellingham

Leiðbeinandi verð: 1.660 kr.



Castello Banfi Poggio Alle Mura



Vnr: 05067 750 ml 13.5%

Einkenni: Dökkrautt. Bragðmikið, þétt og tannískt með kryddum og bökuðum ávaxtakeim.

Uppruni: 1999, Ítalía, Brunello di Montalcino

Framleiðandi: Banfi S.r.l.

Leiðbeinandi verð: 4.490 kr.



Casa de La Ermita



Vnr: 05121 750 ml 13.5%

Einkenni: Rúbinrautt. Meðalfylling, þurr og ferskt með mjúk tannín, þétriðinn jarðbundinn ávoxt og kryddkeim.

Uppruni: 2001, Spánn, Jumilla

Framleiðandi: Bodegas Casa de La Ermita

Leiðbeinandi verð: 1.590 kr.



Casablanca Colección Privada Cabernet Sauvignon



Vnr: 09955 750 ml 14%

Einkenni: Dökkkirsuberjarautt. Góð fylling, þurr, ferskt, með mild tannín, mintu- og eikartóna í bland við jurtakryddskeim.

Uppruni: 2003, Chile, Maipo

Framleiðandi: Vina Casablanca

Leiðbeinandi verð: 1.290 kr.

**Cellier des Dauphins Prestige**

Vnr: 05158 750 ml 13.5%

Einkenni: Rúbinrautt. Létt fylling, þurr, ferskt, lítil tannín og létt berjabragð.**Uppruni:** 2004, Frakkland, Cotes du Rhone**Framleiðandi:** Cellier des Dauphins**Leiðbeinandi verð:** 1.190 kr.**Chateau d'Agassac**

Vnr: 10114 750 ml 13%

Einkenni: Dökkkirubarjarautt. Góð fylling, þurr, ferskt, með tannín með dökkum berjum, kryddi, kaffi og sveitatónum.**Uppruni:** 2001, Frakkland, Haut-Medoc**Framleiðandi:** Chateau D'Agassac**Leiðbeinandi verð:** 2.590 kr.**Chateau Claribet**

Vnr: 10019 750 ml 12%

Einkenni: Kirsüberjarauft. Tæp meðalfylling, þurr, ferskt, þurrkandi tannín með léttan ávöxt, jarðar-, te- og sveppatóna.**Uppruni:** 2002, Frakkland, Bergerac**Framleiðandi:** Yvon Mau**Leiðbeinandi verð:** 1.090 kr.**Chateau du Monthyl**

Vnr: 10104 750 ml 12,5%

Einkenni: Kirsüberjarauft. Frekar létt fylling, þurr, milt, með léttkryddaðan skógar og ávaxtakeim.**Uppruni:** 2001, Frakkland, Medoc**Framleiðandi:** Greysac SAS**Leiðbeinandi verð:** 1.350 kr.**Chileno Shiraz Cabernet**

Vnr: 09811 750 ml 13.5%

Einkenni: Dökkrubínrautt, með góða fyllingu. þurr, milt, með mild tannin og sætan ávaxta- og berjakeim.**Uppruni:** 2004, Chile, Valle Central**Framleiðandi:** Ventisquero**Leiðbeinandi verð:** 990 kr.**Cotes du Rhone Villages La****Campagne Perchée**

Vnr: 10060 750 ml 13.5%

Einkenni: Kirsüberjarauft. Frekar létt fylling, þurr, ferskt með létt tannín og frískan berja- og kryddkeim.**Uppruni:** 2004, Frakkland, Cotes du Rhone-Villages**Framleiðandi:** Expert Club**Leiðbeinandi verð:** 1.170 kr.**Cono Sur Syrah**

Vnr: 10216 750 ml 14.5%

Einkenni: Dimmrubínrautt. Góð fylling, þurr og ferskt með miðlungstannín með péttkrydduð ber, dökkan ávöxt og létt eik.**Uppruni:** 2004, Chile, Colchagua Valley**Framleiðandi:** Cono Sur**Leiðbeinandi verð:** 1.190 kr.**De Martino Legado Reserva****Syrah**

Vnr: 09244 750 ml 14.5%

Einkenni: Dökkfjólurauft. Góð fylling, þurr, ferskt og þurrkandi tannískt. Berjarkít með dökku kryddi og eikarkeim.**Uppruni:** 2004, Chile, Choapa Valley**Framleiðandi:** De Martino Family**Leiðbeinandi verð:** 1.590 kr.**De Muller Priorat**

Vnr: 03500 750 ml 13.5%

Einkenni: Ryðrautt. Höfugt með sultuðum ávaxtakeim. Nokkur stemma.**Uppruni:** 1999, Spánn, Priorat**Framleiðandi:** De Muller S.A.**Leiðbeinandi verð:** 1.550 kr.**De Muller Cabernet Sauvignon**

Vnr: 05974 750 ml 13%

Einkenni: Rauft. Bragðmikið, kryddað og grösugt með nokkurri stemmu og jarðarkeim.**Uppruni:** 2000, Spánn, Tarragona**Framleiðandi:** De Muller S.A.**Leiðbeinandi verð:** 1.340 kr.



Dehesa La Granja

Vnr: 10098 750 ml 14%

Einkenni: Dökkirkirüberjarautt. Góð fylling, þurr og ferskt með mjúk tannín, kókós, vanillu og eikartónum með krydduðum ávexti.

Uppruni: 1999, Spánn

Framleiðandi: Bodega Y Vinedos Fedez Rivera

Leiðbeinandi verð: 1.980 kr.



La Joya Reserve Carmenere

Vnr: 10050 750 ml 13.5%

Einkenni: Dökkrúbírautt. Þétt fylling, þurr, milt með mjúk tannín og ferskan sætan ávöxt, mintu- og kryddtóna.

Uppruni: 2003, Chile, Colchagua Valley

Framleiðandi: Vina Bisquertt

Leiðbeinandi verð: 1.260 kr.



Lindemans Bin 45 Cabernet Sauvignon

Vnr: 09938 3,000 ml 13.5%

Einkenni: Dimmrúbírautt. Góð fylling, þurr og ferskt með þurrkandi tannín og berjaríkan ávöxt.

Uppruni: 2004, Ástralía, S-Eastern Australia

Framleiðandi: Lindemans Wines

Leiðbeinandi verð: 3.980 kr.

Michele Chiarlo Barbera d'Asti La Court

Vnr: 03785 750 ml 13.5%

Einkenni: Dökkrautt. Kröftugt með finlega krydduðum eikar- og ávaxtakeim.

Uppruni: 1999, Ítalía, Asti

Framleiðandi: Michele Chiarlo

Leiðbeinandi verð: 3.870 kr.



Museum Real Reserva

Vnr: 05267 750 ml 14%

Einkenni: Fjólurauðt. Kröftugt, stammt, krydd-að, eikað með þéttum ávexti. Ungt.

Uppruni: 2001, Spánn, Cigales

Framleiðandi: Bodegas Museum

Leiðbeinandi verð: 1.590 kr.



Misiones De Rengo Cabernet Sauvignon

Vnr: 10119 750 ml 14%

Einkenni: Dökkrúbírautt. Meðalfylling, þurr, ferskt, mjúk tannín, með berjabláma og ristaðan eikarkeim.

Uppruni: 2004, Chile, Rengo

Framleiðandi: Vina Misiones De Rengo S.A

Leiðbeinandi verð: 1.090 kr.



PKNT Cabernet Sauvignon

Vnr: 09889 750 ml 13.5%

Einkenni: Rúbírautt. Meðalfylling, þurr og ferskt með mild tannín, sætan ávöxt og léttan kryddkeim.

Uppruni: 2004, Chile, Valle Central

Framleiðandi: Terraustral

Leiðbeinandi verð: 1.190 kr.



Piedra Feliz Pinot Noir

Vnr: 10166 750 ml 13.5%

Einkenni: Ljósmúrsteinsrautt. Góð fylling, þurr og milt með miðlungs tannín lyngkennda mintu- og berjatóna.

Uppruni: 2001, Chile, Valle de Casablanca

Framleiðandi: Domaine Laroche

Leiðbeinandi verð: 1.890 kr.



Ruffino Chianti

Vnr: 00159 750 ml 12.5%

Einkenni: Rúbírautt. Tær meðalfylling, þurr, sýruríkt, mjúk tannín með ferskan sælgætis-kenndan kírüberjakeim.

Uppruni: 2004, Ítalía, Chianti Classico

Framleiðandi: Ruffino srl

Leiðbeinandi verð: 1.050 kr.



Quinta do Crasto Reserva

Vnr: 10219 750 ml 14.5%

Einkenni: Dökkfjólurauðt. Þétt fylling, þurr og ferskt með þétt, mjúk tannín, mikil eikarbragð og góðan langan ávöxt.

Uppruni: 2003, Portúgal, Douro

Framleiðandi: Quinta do Crasto

Leiðbeinandi verð: 1.860 kr.

**Senorio de Rondan Gran Reserva**

Vnr: 09777 750 ml 13%

Einkenni: Múrsteinsrautt. Meðalfylling, þurr, ferskt með mild tannín. Kröftugur ávaxtakeimur með þroskuðum og grösugum tón.

Uppruni: 1994, Spánn, Rioja

Framleiðandi: Bodegas Saenz de Santamaria

Leiðbeinandi verð: 2.590 kr.

**Sensi Chianti Riserva**

Vnr: 04824 750 ml 13%

Einkenni: Dökkraut. Ilmríkt. Meðalfylling með jarðarkeim.

Uppruni: 2000, Ítalía, Chianti

Framleiðandi: Sensi Vigne e Vini SRL

Leiðbeinandi verð: 1.390 kr.

**Santa Ema Syrah**

Vnr: 10215 750 ml 13.5%

Einkenni: Dimmrbínrautt. Góð fylling, þurr og ferskt með miðlungs tannín, þéttan berjabláma og eikartóna.

Uppruni: 2003, Chile, Cachapoal

Framleiðandi: Vinos Santa Ema S.A.

Leiðbeinandi verð: 1.290 kr.

**Tenute Marchese Antinori Chianti Classico Riserva**


Vnr: 07315 750 ml 13.5%

Einkenni: Dökkirkisuberjarraut. Góð fylling, þurr, ferskt, miðlungs tannín, þéttur rauður ávoxtur, krydd- og jarðartónar.

Uppruni: 2000, Ítalía, Chianti Classico

Framleiðandi: Marchesi Antinori S.r.l

Leiðbeinandi verð: 1.990 kr.

**Wine 4 All Syrah-Cabernet**

Vnr: 10077 3.000 ml 12.5%

Einkenni: Dimmrbínrautt. Meðalfylling, þurr, milt, mjuk tannín með grösugum krydduðum skógarberjakeim.

Uppruni: Frakkland, Oc

Framleiðandi: FDL

Leiðbeinandi verð: 3.360 kr.

**Torreón de Paredes Merlot Reserva**

Vnr: 10220 750 ml 14%

Einkenni: Dökkurbínrautt. Þétt fylling, þurr, ferskt og tannískt með þéttan ávoxt og krydd-aða grösuga eikartóna.

Uppruni: 2004, Chile, Rengo

Framleiðandi: Torreon de Paredes S.A.

Leiðbeinandi verð: 1.470 kr.

**Kim Crawford Sauvignon Blanc**

Vnr: 07413 750 ml 12.5%

Einkenni: Fölgult. Góð fylling, þurr, ferskt, með grösugum, grænjaxla-, asparagus- og sítruskeim.

Uppruni: 2004, Nýja Sjáland, Marlborough

Framleiðandi: Kim Crawford Wines

Leiðbeinandi verð: 1.390 kr.

**Villagolf Hole In One Cab. Sauvignon**

Vnr: 10094 750 ml 13%

